



FRÉTTABRÉF TIL FORRÁÐAMANNA Í GLERÁRSKÓLA

Glerárskóli Akureyri



17. ágúst 2015

1. tbl. 5. árg

Velkomin í skólann

Kæru nemendur og forráðamenn, verið velkomin í Glerárskóla skólaárið 2015 - 2016

Eftir blautt og frekar kalt sumar verður gott að mæta aftur í skólann og hefja nám á þessu nýja skólaári. Það er með mikilli eftirvæntingu sem starfsmenn Glerárskóla hefja störf að nýju og von okkar er að þessi vetur verði okkur öllum sem í Glerárskóla erum til gæfu og gagns.

Áherslur í skólanum þetta árið verða á læsi, jákvæðan aga, Olweusarvinnu, umhverfismál, grenndarfræði og eflingu námsmats og náms. Að gera nemendur ábyrgari fyrir eigin störfum og námi er ofarlega í stefnu skólans og munum við halda ótrauð áfram á þeirri braut. Verkgreinar eru okkur einnig hugleiknar ásamt útisvæðinu okkar sem nú hefur verið eflit til muna. Benda má á að í vor unnu nemendur að framkvæmdum í kringum skólann og í sumar bættist frisbígolf á skólalóðina. Í haust ætlum við að gera enn betur og bæta við útisvæðið ýmsum hagnýtum og skemmtilegum hlutu sem nýta má í grenndar -og útikennslu.

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI, einkunnarorð skólans eru okkur nú sem alltaf leiðarljós í öllu okkar starfi og munum við gera okkar besta í samvinnu við forráðamenn til að stuðla að framúrskarandi skóla sem hefur á að skipa ánægðum og glæsilegum nemendum.

Gleðilegt skólaár 😊

Frístund, áskrift að mat, ávöxtum og mjólk

ATHUGIÐ!

Staðfesta þarf dvalasamninga í frístund í allra síðasta lagi fimmtudaginn 20. ágúst 2015.

Einnig þarf að panta mjólk, mat og ávexti ef nemendur ætla að nýta sér það þetta skólaár. Pöntun þarf að hafa borist fyrir föstudaginn 21. ágúst 2015.

Efnisyfirlit:

Velkomin í skólann	1
Frístund og áskrift	1
Starfsmenn	2
Hagnýtar upplýsingar	2
Skólaárið 2015-16	3
Heimasíða/ facebook	3
Ávaxtaáskrift	4

Til íhugunar:

- Gleði
- Velliðan
- Ábyrgð
- Metnaður
- Árangur

Starfsmenn Glerárskóla - breytingar

Stöðugleiki er mikill í starfsmannahópi Glerárskóla en á hverju ári verða þó oftast nær einhverjar breytingar. Skólaárið 2015 - 2016 verða breytingarnar eftirfarandi:

Anna Guðrún Jóhannesdóttir fer í launalaust leyfi til eins árs og Ólöf Sólveig Björnsdóttir kveður frístund. Við þökkum henni vel unnin störf.

Björk Pálmadóttir kemur aftur eftir leyfi og bjóðum við hana velkomna.

Nýir starfsmenn:

Ólöf **Sunna** Gautadóttir stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund

Lilja Ingólfadóttir starfsmaður í frístund

Halla Angantýsdóttir aðstoðarkona

Einar Ómar Eyjólfsson skólaliði

Ólafur Hauksson smíðakennari

Ingibjörg Björnsdóttir stundakennari

Rúnar Már Þráinsson umsjónarkennari

Við bjóðum nýtt starfsfólk velkomið til starfa.

Nokkrar hagnýtar upplýsingar um Glerárskóla í upphafi skólaárs

Húsnæði Glerárskóla opnar **kl. 7:45** á morgnana.

Skóladagurinn hefst kl. 8:15 á morgnana utan tveggja tíma í sundi hjá eldri nemendum sem hefjast kl. 8:00. Skóla lýkur kl. 13:15 hjá 1. - 4. bekk og frá þeim tíma er frístund opin til kl. 16:15.

Við gerum ráð fyrir að nemendur borði staðgóðan morgunmat en nemendur fá nestistíma á morgnana og bendum við forráðamönnum á að mikilvægt er að þeir séu með hollt nesti eða í ávaxtaáskrift.

Matartímar verða þrískiptir: 1.-4. bekkur um kl. 11:10, 5. - 7. bekkur um kl. 11:45 og 8. - 10. bekkur kl. 12:10. Skráningar í mötuneyti, ávaxta -og mjólkuráskrift fara í gegnum www.matartorg.is og hægt er að fá allar upplýsingar um það hjá ritara (Brynja, s: 461-2666).

Allir forráðamenn eiga að hafa aðgang að Mentor en ef einhver hefur glatað lykilorði sínu er hægt að hafa samband við ritara og fá nýtt. Mentor opnar fyrir forráðamenn 21. ágúst n.k.

Innkaupalista má nálgast á heimasíðu skólans.

Farartæki á hjólum

Minum alla á reglur skólans um farartæki á hjólum. Þær má finna á heimasíðu skólans og er gert ráð fyrir að allir fylgi reglunum í hvívetna.

Munum að allir nemendur eiga að nota hjálm!



Skólaárið 2015 - 2016

Skólasetning Glerárskóla verður í íþróttasal föstudaginn 21. ágúst 2015 sem hér segir:

2. - 7. bekkur kl. 9:00

8. - 10. bekkur kl. 10:00

Að lokinni setningu fara nemendur með umsjónarkennara í heimastofur og fá hagnýtar upplýsingar um skólastarf vetrarins.

Mánudaginn 25. ágúst 2015 hefst skólastarf samkvæmt stundaskrá hjá 2. - 10. bekk.

Nemendur 1. bekkjar ásamt forráðamönnum verða boðaðir í samtal við umsjónarkennara 21. og 24. ágúst. Þriðjudaginn 25. ágúst koma 1. bekkingar í tveimur hópum í skólann og hefja síðan skólagöngu samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 26. ágúst 2015.

Skóladagatal Glerárskóla 2015-2016 má finna á heimasíðu skólans , www.glerarskoli.is. Nefna má að 27. ágúst verður árlegur útivistardagur nemenda og að 7. - 11. september fara nemendur í 7. bekk að Reykjum.

Á þessu hausti verða kláruð ýmis verkefni í kringum skólann en á skólaárinu verður unnið að eflingu læsis, jákvæðs aga og umhverfisvitundar. Einnig verður haldið áfram að styrkja fjölbreytta kennsluhætti og unnið með nýtt námsmat.

Við hvetjum forráðamenn til að koma við í skólanum og taka þátt í því starfi sem þar fer fram því samstaða og eining skólasamfélagsins skiptir sköpum svo til verði árangursríkur skóli.


Heimasíða og facebook-síða

Líkt og flestir vita hefur ný heimasíða Glerárskóla litið dagsins ljós.

www.glerarskoli.is

Einnig er komin í loftið facebook- síða skólans en hana má finna með því að leita undir: [Glerárskóli](https://www.facebook.com/Glerarskoli)

Á skólaárinu verður heimasíðan uppfærð og fært inn sem mest af þeim upplýsingum sem þar eiga að finnast. Við biðjum alla að sýna þolinmæði á meðan á þessari vinnu stendur en fögnum öllum góðum ábendingum.



Glerárskóli, v/Höfðahlíð,
600 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga
frá kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda
er hún opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er:
glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:
Glerárskóli

ÁVAXTAÁSKRIFT

Ávaxtaáskrift er greidd í einu lagi fram að áramótum. Verðið fyrir áramót er kr. 6.656 og samsvarar einum ávexti á dag. Ávextirnir eru sneiddir niður í skál af matráðum og verða í skálinni 2-3 tegundir af ávöxtum í hverjum nestistíma að morgni. Hakað er við áskriftina í flípanum hressing líkt og mjólkuráskriftin. Áskriftin er rukkuð í einu lagi með matnum í október.

Kynningafundir allra árganga verða í september/október. Nánari dagsetningar og tímasetningar verða auglýstar síðar.

Umhverfismál og umbúðir

Í Glerárskóla leggjum við áherslu á ábyrgð hvers og eins á eigin umbúðum og tekin hefur verið ákvörðun um það að nemendur fari heim með allar umbúðir af sínu nesti. Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að þessar umbúðir fari á réttan stað þegar heim er komið. Við leggjum til að nemendur hafi með sér box undir nesti og í þetta box geti þeir þá sett umbúðir ef einhverjar eru. Það er mikilvægt að nestið sé þannig útbúið að auðvelt sé að ganga frá umbúðunum. Skólinn veitir fræðslu um umhverfismál og leggur m.a. áherslu á að nemendur velti fyrir sér notkun umbúða. Því minna sem við notum af einnota umbúðum, því betra. Í skólanum er boðið upp á mjólkur- og ávaxtaáskrift og við hvetjum nemendur okkar til þess að drekka vatn.